

Viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutafélög með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, 5. mál.

Þingsályktunartillaga sem hér um ræðir fjallar um að Alþingi feli viðskiptanefnd að semja lagafrumvarp um gegnsæ hlutafélög (ghf) sem taki gildi 1. febrúar 2010. Í greinargerð með tillögunni er fjallað nánar um þau skilyrði sem gegnsæ hlutafélög (ghf) þurfa að uppfylla.

Landssamtök lífeyrissjóða taka undir þau megin sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni, þ.e. að hlutafélög séu með gegnsætt eignarhald og að upplýsingagjöf sé fullnægjandi. Samtökin leggjast því ekki gegn samþykki frumvarpsins, en leggja hins vegar áherslu á að skoðað verði hvort ekki megi koma fram megin sjónarmiði þingsályktunartillögunnar, án þess að til þess þurfi að koma að stofna sérstök gegnsæ hlutafélög. Verði við þá vinnu m.a. kannað, hvernig þessum málum er fyrirkomið í okkar helstu viðskiptalöndum.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

